

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 10. apríl 2026.

Mál nr. 253/2026:

A

(Bryndís Guðmundsdóttir lögmaður)

gegn

fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðarkaupstaðar

(Pórdís Bjarnadóttir lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Nauðungarvistun.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem A var gert að sæta nauðungarvistun í allt að tólf vikur.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 30. mars 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 10. apríl sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 26. mars 2026 í málinu nr. L-[...]/2026 þar sem sóknaraðila var gert að sæta nauðungarvistun á sjúkrahúsi í allt að tólf vikur með möguleika á rýmkun. Kæruheimild er í 1. mgr. 16. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún þess að skipuðum verjanda hennar verði úrskurðuð þóknun fyrir Landsrétti.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga greiðist úr ríkissjóði þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila fyrir Landsrétti, Bryndísar Guðmundsdóttur lögmanns, 176.700 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 26. mars 2026

I

Með kröfu, dagsettri 19. mars 2026, sem barst Héraðsdómi Reykjaness sama dag, hefur sóknaraðili, Hafnarfjarðarkaupstaður, fjölskyldu- og barnamálasvið, kt. [...], [...], krafist þess að framlengd verði nauðungarvistun varnaraðila, A, kt. [...], [...], í allt að 12 vikur með möguleika á rýmkun samkvæmt mati lækna.

Bryndís Guðmundsdóttir lögmaður var skipaður verjandi varnaraðila að hennar ósk.

Varnaraðili, sem gaf skýrslu fyrir dómnum í dag, mótmælir kröfu sóknaraðila og krefst þess að henni verði hafnað. Hún segist aðeins vera með þunglyndi og kvíða en ekki í geðrofi. Hún telur sig því ekki þurfa að liggja inni á geðdeild og vill fara þaðan út.

Verjandi varnaraðila ítrekaði mótmæli hennar við kröfu sóknaraðila og krefst þess aðallega að henni verði hafnað en til vara að nauðungarvistun verði markaður skemmri tími. Þá krefst verjandinn þóknunar sér til handa úr ríkissjóði að mati dómsins.

Í kröfu sóknaraðila segir að hún sé sett fram vegna tilmæla sérfræðilækna, sbr. 20. gr. lögræðis laga nr. 71/1997.

Í kröfunni er því lýst að varnaraðili sé búsett í [...] ásamt eiginmanni sínum og [...] gamalli dóttur þeirra. Hún hafi legið inni á geðdeild í tvo mánuði vorið [...] vegna geðrofs sem hafi verið talin afleiðing af alvarlegu þunglyndi. Þá hafi varnaraðili lagt hendur á dóttur sína og síðan þá hafi fjölskyldan fengið aðstoð frá barnavernd. Varnaraðili hafi þá verið nauðungarvistuð en hún hafi ekki haft innsæi í veikindi sín en samþykkt að lokum að taka geðrofslyf í töfluformi. Eftir útskrift af geðdeild vorið [...] hafi gengið nokkuð vel en varnaraðili hafi hætt að taka lyf síðastliðið haust.

Varnaraðili hafi komið á bráðamóttöku geðsviðs 27. febrúar sl. í fylgd starfsmanns barnaverndar en hún hafi verið tilkynnt á geðsviðið af héraðslækni vegna aðsóknarhugmynda. Samkvæmt upplýsingum eiginmanns hennar tók varnaraðili að versna um 2-3 vikum fyrir komuna á geðdeildina. Hún hafi ekki sofist eins og venjulega, ekki borðað vel og verið með töluverða aðsóknarkennd. Þá hafi hún talið að það væri verið að fylgjast með henni og sími hennar væri hleraður. Þá hafi dóttir varnaraðila verið orðin hrædd við hana og varnaraðili hafi ekki viljað ræða við starfsmann barnaverndar ólíkt því sem áður hafi verið. Við komu á geðdeild hafi varnaraðili ekki kannast við að vera veik og sagt að eiginmaður hennar væri að ljúga því. Hún hafi sagt að hún hafi aldrei verið með geðrofseinkenni en kvaðst hafa verið með þunglyndi og kvíða. Hún hafi samt lagst sjálfviljug inn á bráðalegudeild lyndisraskana eftir hvatningu starfsmanns barnaverndar.

Varnaraðili hefur ekki viljað tjá sig mikið á geðdeildinni og sagst óttast að ef hún myndi gera það yrði það notað gegn henni. Hún sé því tortryggin gagnvart starfsmönnum og svari ekki spurningum í samræmi við þær. Hún hefur sýnt af sér einkennilega hegðun, fært til hluti, skoðað skráfur og snúru í rúminu sínu og raðað upp stólum. Þá hefur hún haldið því fram að það væri verið að byrja henni lyfjum í matnum sem hún fær. Ekki sé eðlilegt flæði hugsana í tali og hún vaði úr einu í annað.

Varnaraðili var nauðungarvistuð í allt að 72 klukkustundir frá 4. mars sl. vegna geðrofseinkenna, innsæisleysis og hugsanatrufllana. Vistunin var síðan framlengd í allt að 21 dag 6. mars sl.

Varnaraðili hefur ekki viljað ræða við meðferðarteymi og var spænskumælandi læknir af annarri deild fenginn til að ræða við hana. Hún lýsti því að henni þætti kvíðavaldandi og yfirþyrmandi að vera að

ræða sömu málin í viðtölum. Hún er tortryggin gagnvart ferlinu varðandi nauðungarvistunina og nefndi að hugsanlega hafi skjölum verið breytt eða skipt út.

Í viðtali við meðferðaraðila og eiginmann 6. mars sl. lýsti varnaraðili góðri líðan og hélt því fram að hún væri hvorki með aðsóknarkennd né í geðrofi og vildi fara heim. Hún hélt því fram að hún hafi verið vistuð á geðdeild vegna þess að hún hafi viljað fara með dóttur sína til [...]. Hún heimtaði að vera viðstödd meðan rætt var við eiginmann hennar varðandi hans upplifun. Hann lýsti því að varnaraðili væri stundum að tala við sjálfa sig og hlæja. Þá hafi hún verið ógnandi, uppstökk og reið í hans garð.

Varnaraðili hefur neitað að taka lyf á töfluformi en fær forðasprautu með geðrofslyfi.

Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi ekki innsæi í veikindi sín og hún hafi farið fram á útskrift. Hún sé nú í annað skipti að verða alvarlega veik af aðsóknarhugmyndum og hugsanatrufnunum. Hún sé mjög tortryggin í öllum samtölum og ekki náðist meðferðarsamband við hana vegna þess hversu veik hún sé. Talið er að verði varnaraðili útskrifuð séu hverfandi líkur á því að það náist samkomulag við hana um að meðhöndla alvarlegan sjúkdóm hennar með tilheyrandi hættu fyrir hana og fjölskyldu hennar. Mat lækni sé að nauðsynlegt sé að framlengja nauðungarvistun varnaraðila í allt að 12 vikur með rýmkun í þeim tilgangi að varnaraðila batni. Hún hafi ekki enn þá öðlast það innsæi sem þurfi til að hún sé til samvinnu um að taka nauðsynleg lyf.

II

Kröfu sóknaraðila um áframhaldandi nauðungarvistun varnaraðila fylgdi ítarlegt vottorð B yfirlæknis og C sérnámslæknis.

Þar er sögu varnaraðila lýst í samræmi við ofanritað. Fyrir komu á geðdeild núna hafi héraðslæknir verið kallaður til sem hafi viljað að hún færi á bráðamóttöku geðsviðs til frekara mats. Í innlögninni núna hafi varnaraðili lítið viljað tjá sig og lýsti óánægju með geðdeildina eftir síðustu innlögn þar sem hún hafi upplifað þvingun og fengið lyf gegn vilja sínum. Þá hafi hún sýnt af sér einkennilega hegðun og afþakkað öll lyf en fengið forðasprautu með geðrofslyfi.

Í vottorði læknanna segir að 21 dags nauðungarvistunin muni ekki nægja til þess að varnaraðili nái bata af alvarlegu geðrænu veikindum sínum í ljósi þess að hún hafi ekki enn öðlast það innsæi sem þurfi til að hún sé til samvinnu um að þiggja nauðsynleg lyf. Framlenging nauðungarvistunar sé nauðsynleg til þess að varnaraðili eigi kost á því að ná heilsu á ný bæði hennar vegna og fjölskyldu hennar.

III

B yfirlæknir gaf skýrslu fyrir dóminum í dag og staðfesti ofangreint vottorð. Hann sagði að varnaraðili væri mjög veik, hún sé með ofsóknarkennd og í geðrofi. Hún sé í mikilli vörn, það komi lítið frá henni og samræður við hana séu yfirborðskenndar vegna þess að hún segi aðeins það sem hún haldi að komi best út. Þá sé hún ekki til samvinnu um að taka lyf og því þurfi að nauðungarsprauta hana sem sé mjög erfitt fyrir alla. Varnaraðili hafi því ekki innsæi í sjúkdóm sinn, sé reið og geti verið ógnandi. Læknirinn sagði nauðsynlegt að nauðungarvasta varnaraðila áfram því ef hún fái ekki nauðsynlega meðhöndlun muni heilsa hennar versna.

IV

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. a. laga nr. 71/1997 er heimilt með úrskurði dómara að framlengja nauðungarvistun einstaklings í eitt skipti í allt að 12 vikur að liðnum 21 sólarhring frá dagsetningu ákvörðunar sýslumanns samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laganna. Slík framlenging nauðungarvistunar geti falið í sér rýmkun sem sé háð mati lækni.

Í 2. mgr. 29. gr. a. kemur fram að með kröfu um framlengingu nauðungarvistunar skuli fylgja yfirlýsing lækni þess efnis að meðferðaraðili og einstaklingur sem sæti nauðungarvistun hafi reynt að ná samkomulagi um áframhaldandi meðferð ef þörf krefði.

Yfirlýsing þessa efnis fylgdi kröfunni um framlengingu nauðungarvistunar. Þar kemur fram að reynt hafi verið að ná meðferðarsambandi við varnaraðila án árangurs. Varnaraðili vilji eindregið útskrifast en hún sé nú í annað skipti að verða alvarlega veik af aðsóknarhugmyndum og hugsanatrufnunum. Hún sé mjög

tortryggin í öllum samtölum og ekki náist meðferðarsamband við hana vegna þess hversu veik hún sé. Ef hún fari af geðdeildinni séu hverfandi líkur á því að það náist samkomulag við hana um að meðhöndla alvarlegan sjúkdóm hennar með tilheyrandi hættu fyrir hana og fjölskyldu hennar. Þetta skilyrði laganna er því uppfyllt.

Eins og fram kemur bæði í ofangreindu læknisvottorði og framburði læknis, sem ritar vottorðið, hér fyrir dómnum, er varnaraðili nú innlögð á geðdeild vegna þess að hún sé nú í annað skipti að verða alvarlega veik af aðsóknarhugmyndum og hugsanatrufunum. Í raun sé hún í geðrofi. Vegna tortryggni hennar náist ekki meðferðarsamband við hana og hún neitar að taka lyf í töfluformi og hefur því fengið forðasprautu. Læknirinn fullyrðir að verði varnaraðili útskrifuð muni það spilla fyrir bata hennar og hverfandi líkur séu á því að það náist samkomulag við hana um meðhöndlun sjúkdómsins með tilheyrandi hættu fyrir hana og fjölskyldu hennar.

Læknir hefur þannig staðfest nauðsyn þess að varnaraðili verði nauðungarvistuð áfram þar sem hún hafi brýna þörf fyrir áframhaldandi meðferð þ.m.t. lyfjameðferð vegna alvarlegra geðrænna veikinda.

Með hliðsjón af lýsingum læknis á geðrænni heilsu varnaraðila verður að telja að brýnt sé að hún fái meðferð inni á geðdeild þ.m.t. nauðsynlega lyfjagjöf.

Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið telur dómurinn að sýnt hafi verið fram á að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 29. gr. a. lögræðis laga nr. 71/1997 til að nauðungarvista varnaraðila á sjúkrahúsi í allt að 12 vikur með möguleika á rýmku. Mikilvægt er að hafa í huga að rýmka skal um vistun varnaraðila eins fljótt og kostur er með tilliti til bata hennar meðan á vistun stendur.

Allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 17. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, þar með talin þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Bryndísar Guðmundsdóttur lögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 186.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ:

Varnaraðili, A, skal vistuð á sjúkrahúsi í allt að 12 vikur með möguleika á rýmku.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Bryndísar Guðmundsdóttur lögmans, 186.000 kr. greiðist úr ríkissjóði